

Sp. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]
um endurskoðun fjarskiptalaga.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um fjarskipti, nr. 30 27. júní 1941 og leggja frumvarp til nýrra fjarskiptalaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Núgildandi fjarskiptalög eru 40 ára gömul. Þau veita íslenska ríkinu einkarétt til allra fjarskipta á Íslandi, í íslenskri landhelgi og í íslenskri lofthelgi. Einnig veita lögin ríkinu einkarétt til innflutnings og hvers konar viðskipta með fjarskiptatæki, nær hverju nafni sem nefnast, en veita jafnframt ráðherra víðtækar undanþáguheimildir.

Að nokkru bera fjarskiptalögin með sér að þau eru samin á ófriðartímum, og þau taka að sjálfsgöðu fyrst og fremst mið af þeirri tækni sem mönnum var tiltæk í þessum efnum fyrir 40 árum.

Það er ekki of sterkt til orða tekið, þótt fullyrt sé að síðan lögin voru sett hafi orðið bylting í fjarskiptatækni, og fram undan eru í þeim efnum örari breytingar en okkur kann að óra fyrir. Úrelt löggjöf má ekki standa í vegi þess, að almenningur fái notið þeirra framfara sem ný og breytt fjarskiptatækni hefur í för með sér, en það gerir núgildandi löggjöf að ýmsu leyti.